



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Mosfellsbær  
bt. Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi

Þverholt 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík 8. desember 2021  
MÍ202110-0144/ 6.09 / 5221

Minjavörður Reykjavíkur og  
nágrennis

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

### **Efni: Helgafellshverfi 5. áfangi - Nýtt deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi.**

Með tölvupósti dagsett 28. október 2021 óskaði Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir Helgafellshverfi 5. áfangi. Meðfylgjandi erindinu voru skipulags- og skýringarupprættir dagsettir 21.10.2021 og greinargerðir vegna aðal- og deiliskipulags dagsett 19.10.2021, unnið af ASK arkitektum og Umhverfissviði Mosfellsbæjar.

Minjastofnun hefur áður veitt umsögn vegna skipulagslýsingar dagsett 04.03.2021 þar sem farið var fram á að fyrirbyggjandi fornleifaskráning yrði uppfærð miðað við núgildandi reglur stofnunarinnar.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir skipulagssvæðið sem barst Minjastofnun þann 2. desember 2021. *Helgafell, Fornleifaskráning vegna deiliskipulags: Byggingareitir 5 og 6*, unnin af Antikva ehf, árið 2021 og er hún í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og telst hún fullnægjandi fyrir afgreiðslu þessa skipulags.

Samkvæmt fornleifaskráningunni (yfirlitskort nr. 2) er ein þekkt fornleif skráð innan skipulagssvæðisins, brunnur/vatnsból (nr. 1955) en upplýsingar um hann eru á síðu 23 og þar má lesa að hann er ekki talinn mjög gamall. Minjastofnun hafði samband við Ragnheiði Traustadóttur til að ganga úr skugga um hvort um fornleifar sé að ræða sbr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, en þar segir m.a. að: „*Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, ...*“. Taldi hún að um yngri minjar væri að ræða. Staðsetning brunnsins er nyrst á skipulagssvæðinu þar sem ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Henny Hafsteinsdóttir**  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágr.  
[henny@minjastofnun.is](mailto:henny@minjastofnun.is)

Engar fornleifar 100 ára eða eldri eru innan skipulagssvæðisins og gerir Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við deiliskipulag Helgafellshverfi 5. áfanga. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt,



Henny Hafsteinsdóttir  
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar ([kristinnp@mos.is](mailto:kristinnp@mos.is))

Umhverfissvið Mosfellsbæjar ([skipulag@mos.is](mailto:skipulag@mos.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))